

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2024.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og matvælaráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu eftirfarandi:

Aðalheiður Jóhannsdóttir stjórnarformaður og Kári Hólmur Ragnarsson af hálfu Háskóla Íslands;

Anna Jóhannsdóttir og Birgir Hrafn Búason af hálfu utanríkisráðuneytisins, en Sesselja Sigurðardóttir leysti Önnu af hólmi 28. ágúst;

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir og Agnar Bragi Bragason af hálfu matvælaráðuneytisins.

Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Stjórnin hélt tvo formlega fundi á árinu, í mars og október.

Hafréttarstofnun er ein sex stofnana sem stendur að Ródos-akademíunni í hafrétti og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti á Ródos í Grikklandi er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum og var það haldið 23. júní - 12. júlí í ár. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annarri viku námskeiðsins. Alls tóku um 50 manns þátt í námskeiðinu. Hafréttarstofnun veitti fimm þátttakendum frá Íslandi styrki til þátttöku í námskeiðinu: Garðari Forberg, Hallveigu Ólafsdóttur, Iris Valckx, Kolfinnu Tómasdóttur og Þorvarði Atla Þórssyni. Enn fremur veitti stofnunin fjórum einstaklingum frá þróunarlöndum, Míritíus, Nígeríu, Samóa-eyjum og Tonga, styrki til þátttöku í námskeiðinu, en þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins veitti sérstakt framlag vegna þessa.

Hafréttarstofnun átti aðild að alþjóðlegri málstofu International Foundation for the Law of the Sea og Korea Maritime Institute (IFLOS/KMI Symposium) í tilefni af 30 ára afmæli gildistöku hafréttarsamningsins („30th Anniversary of the Entry into Force of the United Nations Convention on the Law of the Sea: The Constitution for the Oceans in Light of Emerging Circumstances“) sem haldin var í Alþjóðlega hafréttardóminum í Hamborg 21. og 22. september. Forstöðumaður og Birgir Hrafn Búason héldu erindi í málstofunni sem var fjölsótt.

Hafréttarstofnun og Sjálfbærni- og loftslagsréttarstofnun Háskólans í Reykjavík efndu til málþings um ráðgefandi álit Alþjóðlega hafréttardómsins um loftslagsbreytingar og hafið í H.R. 11. október. Forstöðumaður hélt framsöguerindi um hið ráðgefandi álit, en Snjólaug Árnadóttir, forstöðumaður Sjálfbærni- og loftslagsréttarstofnunar, stýrði málþinginu og stjórnaði umræðum. Málþingið var fjölsótt.

Forstöðumaður, ásamt Birni Kunoy og Constantinos Yiallourides, ritstýrði bókinni Persistent and Emerging Challenges in International Fisheries Law sem kom út á árinu og byggð er á erindum frá samnefndri ráðstefnu Háskólans í Færeyjum og Hafréttarstofnunar er haldin var í Þórshöfn í Færeyjum, í júní 2022.

Forstöðumaður hélt fyrirlestra í eftirfarandi háskólum og stofnunum á árinu:
University of Law, Vietnam National University, Hanoi, Víetnam, (rafrænt) í febrúar;
Lagadeild Háskóla Íslands í febrúar og mars; Hæstarétti Íslands í mars; IMO
International Maritime Law Institute (IMLI), Msida, Möltu, í apríl og júní; Korea
Maritime Institute, Busan, Suður-Kóreu, (rafrænt) í apríl; Instituto Português de
Direito do Mar, Cascais, Portúgal, í júní; Ródos-akademíunni í hafrétti, Ródos,
Grikklandi, í júlí; Philippine International Law of the Sea Academy (PHILSEA),
Manila, Filippseyjum, (rafrænt) í júlí; Kadir Has International Law of the Sea
Academy, Ístanbúl, Tyrklandi, (rafrænt) í júlí; IFLOS Summer Academy, Hamborg,
Þýskalandi, í júlí og ágúst; Leiden University, Leiden, Hollandi, í september;
Lagastofnun Háskóla Íslands, í október; Háskólanum í Reykjavík, í október; World
Maritime University (WMU), Malmö, Svíþjóð, í október; Mitgliederversammlung des
Deutschen Vereins für Internationales Seerecht, Hamborg, Þýskalandi, í október;
Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í október; Norwegian
Centre for the Law of the Sea (NCLOS), Tromsø, Noregi, í nóvember; Colombian
Law of the Sea Institute (ICDM), Bogotá, Kólumbíu, í nóvember; University of the
Philippines, Manila, Filippseyjum, í nóvember; NUS Centre for International Law,
Singapúr, í nóvember; British Institute of International and Comparative Law
(BIICL), London, Bretlandi, í desember; Peking University, Beijing, Kína, í
desember. Forstöðumaður þáði enn fremur boð um þátttöku í fjölda alþjóðaráðstefna á
árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar.

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í hafrétti við deildina.